

Dagný Hauksdóttir

Frá: Hólmfríður Sigurðardóttir <holmfridursig@gmail.com>
Sent: föstudagur, 26. júní 2026 14:23
Til: Dagný Hauksdóttir; Umhverfis- og framkvæmdasvið
Efni: Fwd: Stækkun þyrlupalls í Surtsey - Fyrirspurn frá Surtseyjarfélaginu
Viðhengi: minnisblað_þyrlupallur_Surtsey_uppfærsla 25-06-2026 (1).pdf;
Minnisblað_stækkun_þyrlupalls_Surtsey_uppfærsla_25-06-2026.pdf

Sæl Dagný,

Áframsendi póst Surtseyjarfélagsins á þig þar sem Brynjar er í sumarfríi. Sendi einnig á póstfang sviðsins.

Kær kveðja,

Hólmfríður Sigurðardóttir, formaður Surtseyjarfélagsins

----- Forwarded message -----

Frá: Hólmfríður Sigurðardóttir <holmfridursig@gmail.com>

Date: fös., 26. jún. 2026 kl. 14:18

Subject: Stækkun þyrlupalls í Surtsey - Fyrirspurn frá Surtseyjarfélaginu

To: <brynjar@vestmannaeyjar.is>

Cc: Sigurður Sveinn Jónsson <Sigurdur.Sveinn.Jonsson@isor.is>

Sæll Brynjar,

Surtseyjarfélagið áformar að setja n.k. athafnasvæði utan um núverandi þyrlupall í Surtsey sem er heldur lítill fyrir þyrlukost Landhelgisgæslunnar í dag þannig að öruggt sé að lenda þar án erfiðleika. Pallurinn er 36 fermetrar og með athafnasvæðinu sem verður úr Weland heitgalvanseruðum ristum og timburburðarvirki verður hann 100 fermetrar. Létt handverkfæri og búnaður verða nýtt við verkið. Félagið mun njóta aðstoðar Landhelgisgæslunnar við flutning á efni til eyjarinnar.

Telur Vestmannaeyjabær að þessi framkvæmd sé leyfissskyld af hálfu bæjarins?

Félagið mun sækja um framkvæmdaleyfi innan friðlandsins til Náttúruverndarstofnunar.

Sjá meðfylgjandi viðhengi með ljósmyndum, teikningum og lýsingu á tilhögun verkefnisins.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Kær kveðja,

Hólmfríður Sigurðardóttir, formaður Surtseyjarfélagsins